30. Stutt samtal við Guðmund skáld Friðjónsson og staka eftir hann.

1 blað qto. dags. 15. sept.1930

Við stóðum saman á götuhorni Lækjargötu og Laugavegar, ég og Guðm. Friðjónsson skáld. Sá ég þá og heyrði, að hann var að muldra eitthvað fyrir munni sér og segi við hann:

„Varstu að segja nokkuð við mig, Guðmundur? Mér heyrðist það, en ekki hvað það var."

Mælti hann þá fram vísu þessa:

„Ýmisleg er greinagerð:
gull á hverjum fingri.
Þín er ennþá fótaferð
fremri' en margra yngri."

„Hvað? Ertu að yrkja þetta til <u>mín</u>?" spurði ég.

„Ó-já; mér kom þetta í hug er ég sá þig svo árla á fótum — þú ert víst árrisull nokkuð, þótt aldraður sért —, en ekki gjöri ég ráð fyrir, að <u>allir</u> þeir sem yngri eru, séu búnir að tosa upp um sig buxurnar!"

Gekk hann síðan til augnlæknis til þess að láta athuga sjón sína.

15. Sept. 1938